



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 17. janúar 2014

Breytingar á reglugerðum – hækkun sekta

Ágætu félagar

Á fundi stjórnar KSÍ 16. janúar voru gerðar breytingar á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Breytingarnar sem um ræðir snúa að hækkun á upphæðum sekta í tilteknum tilfellum og gjald verður tekið fyrir óskir um breytingar á útgefinni leikjaskrá berist þær með skömmum fyrirvara.

Breytingarnar taka allar gildi nú þegar.

Reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál.

Hækkun sekta

Núgildandi ákvæði 13.9.

13.9. Til viðbótar fyrrnefndum viðurlögum getur aga- og úrskurðarnefnd beitt eftirfarandi refsingum:

13.9.1. Brot samkvæmt ákvæðum 13. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð kr. 50.000 í meistaraflokki og kr. 20.000 í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óþrúðmannlegri framkomu.

13.9.2. Aðildarfélag sem fær sjö eða fleiri refsistig í sama leiknum, þar sem áminning er 1 refsistig og brottvísun 4 refsistig, skal sektað um kr. 2.000 í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6, en kr. 1.000 fyrir leiki í öðrum flokkum.

13.9.3. Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda áfram leik má refsa með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum liðsins og/eða sekta um allt að kr. 100.000.

13.9.4. Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 50.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.

13.9.5. Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 20. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins, sekt að fjárhæð kr. 50.000 en þó ekki lægri en kr. 25.000 og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

13.9.6. Aðrar refsingar sem lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila.

Ákvæði 13.9. eftir breytingar (breytingar skáletraðar)

13.9. Til viðbótar fyrrnefndum viðurlögum getur aga- og úrskurðarnefnd beitt eftirfarandi refsingum:

13.9.1. Brot samkvæmt ákvæðum 13. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð *kr. 100.000* í meistaraflokki og *kr. 50.000* í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óþrúðmannlegri framkomu.

13.9.2. Aðildarfélag sem fær sjö eða fleiri refsistig í sama leiknum, þar sem áminning er 1 refsistig og brottvísun 4 refsistig, skal sektað *um kr. 3.000* í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6, en kr. *1.500* fyrir leiki í öðrum flokkum.

13.9.3. Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda áfram leik má refsa með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum liðsins og/eða sekta um allt að *kr. 200.000*.

13.9.4. Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að *kr. 100.000*. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.

13.9.5. Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 20. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins, sekt að fjárhæð *kr. 100.000* en þó ekki lægri en *kr. 50.000* og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

13.9.6. Aðrar refsingar sem lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila.

Reglugerð um knattspyrnumót

Breytingar á sektum

Núverandi grein 15.7

Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komi félag sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykkja það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. Mótanefnd getur hins vegar haga niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félag missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokki. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð.

Ákvæði 15.7. eftir breytingar (viðbót skáletruð)

Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komi félag sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykkja það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. Mótanefnd getur hins vegar haga niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félag missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokki. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð.

Óskir um breytingar á útgefinni leikjaskrá skulu berast mótanefnd á þar til gerðu eyðublaði, útgefnu af mótanefnd. Sérstakt breytingagjald skal innheimt ef ósk um breytingu á leik berst innan við 7 daga frá leikdegi. Gjald þetta er kr. 1.000.- í yngri aldursflokki en kr. 5.000.- í meistaraflokki. Ekki er innheimt gjald ef óskin um breytingu er nauðsynleg vegna verkefna landsliða eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Mótanefnd er heimilt að setja nánari reglur um verklag og skulu þær koma fram á eyðublaði nefndarinnar.

Reglugerð um knattspyrnumót

Breytingar á sektum

Núverandi 40.gr.

Ólöglega skipað lið

40.1. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 30.000.

40.2. Leikmaður sem leikur með yngri aldursflokki en honum ber skal úrskurðaður í leikbann í a.m.k. einn mánuð eð a.m.k. í 6 leiki.

40.3. Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 30.000 í meistaraflokki en 15.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 60.000 í meistaraflokki en 30.000 í öðrum flokkum.

40.4. Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.

Ákvæði 40.gr. eftir breytingar (breytingar skáletraðar)

Ólöglega skipað lið

40.1. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 50.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 300.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 50.000.

40.2. Leikmaður sem leikur með yngri aldursflokki en honum ber skal úrskurðaður í leikbann í a.m.k. einn mánuð eð a.m.k. í 6 leiki.

40.3. Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum.

40.4. Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.

Reglugerð um knattspyrnumót

Breytingar á sektum

Núgildandi 41.gr.

Sektir

41.4. Ef lið hættir þátttöku í móti eftir upphaf þess eða er vísað úr móti fyrir að mæta ekki í tvo leiki skal það tapa áunnum stigum, sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins, sæta sektum og er ekki undanþegið skaðabótaskyldum. Sektir skulu vera kr. 100.000 í meistaraflokki og kr. 25.000 í öðrum flokkum.

41.5. Lið, sem dregur sig út úr móti fyrir 10. apríl, skal sæta sekt að upphæð kr. 10.000 í meistaraflokki og kr. 5.000 í öðrum flokkum. Frá og með 10. apríl og þar til keppni hefst eru sambærilegar sektir kr. 50.000 í meistaraflokki og kr. 20.000 í öðrum flokkum.

41.6. Lið, sem breyta leiktíma og leikstað án samþykkis mótanefndar, skulu sæta sekt að upphæð kr. 20.000 hvort lið.

41.7. Vanræksla á skráningu úrslita í gagnagrunn KSÍ varðar sektum, kr. 100 á leik. Vanræksla á skráningu upplýsinga á leikskýrslu í gagnagrunn KSÍ varðar dagsektum, kr. 60 á dag. Vanræksla á skilum á leikskýrslum varðar dagsektum, kr. 60 á dag.

41.8. Vanræki aðildarfélag að senda skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld innan tilskilins frests, getur mótanefnd beitt dagsektum, kr. 60 á dag.

Ákvæði 41.gr. eftir breytingar (breytingar skáletraðar)

Sektir

41.4. Ef lið hættir þátttöku í móti eftir upphaf þess eða er vísað úr móti fyrir að mæta ekki í tvo leiki skal það tapa áunnum stigum, sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins, sæta sektum og er ekki undanþegið skaðabótaskyldum. *Sektir skulu vera kr. 150.000 í meistaraflokki og kr. 50.000 í öðrum flokkum.*

41.5. Lið, sem dregur sig út úr móti fyrir 10. apríl, skal sæta sekt að *upphæð kr. 20.000 í meistaraflokki og kr. 10.000 í öðrum flokkum. Frá og með 10. apríl og þar til keppni hefst eru sambærilegar sektir kr. 75.000 í meistaraflokki og kr. 30.000 í öðrum flokkum.*

41.6. Lið, sem breyta leiktíma og leikstað án samþykkis mótanefndar, skulu sæta sekt að *upphæð kr. 30.000 hvort lið.*

41.7. *Vanræksla á skráningu úrslita í gagnagrunn KSÍ varðar sektum, kr. 200 á leik. Vanræksla á skráningu upplýsinga á leikskýrslu í gagnagrunn KSÍ varðar dagsektum, kr. 100 á dag. Vanræksla á skilum á leikskýrslum varðar dagsektum, kr. 100 á dag.*

41.8. Vanræki aðildarfélag að senda skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld innan tilskilins frests, getur mótanefnd beitt dagsektum, *kr. 100 á dag.*

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Pórir Hákonarson

Pórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ